

## AUGLÝSING

### (IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### **Breiðdalsvík.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Breiðdalsvíkur með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði um dagsetningu í 1. gr. b. og c. breytist í 15. ágúst 2009.
- b) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Byggðakvóta sveitarfélagsins skal skipta jafnt á þá báta sem uppfylla skilyrði reglugerðar að öðru leyti.
- c) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað... o.s.frv.

#### **Sveitarfélagið Árborg.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Úthlutun aflamarks samkvæmt reglugerð þessari skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglum um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal úthlutað hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við landaðan afla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. júlí 2008 til 30. júní 2009.
- b) Í stað tveggja fyrstu málsgreina 6. gr. reglugerðarinnar kemur: Fiskiskipum er skylt að landa afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 557/2009.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. október 2009.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*